



Alþingi  
Erindi nr. P 131/1851  
komudagur 9.5.2005


Ljósritum  
með leyfi

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2005

Meðfylgjandi er umsögn sem Rán Tryggvadóttir, aðjúkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík og ráðgjafi Fjölís á sviði höfundaréttar, hefur unnið fyrir Fjölís.

Virðingarfyllst,  
Fjölís

  
Elín Helgadóttir  
framkvæmdastjóri



Ljósritum  
með leyfi

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972

Fjölís hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, með síðari breytingum, mál nr. 702. Eftirfarandi umsögn er samin af Rán Tryggvadóttur, aðjúnkt við lagadeild Háskólans í Reykjavík og ráðgjafa Fjölís á sviði höfundaréttar.

Markmið frumvarpsins er að innleiða efni tilskipunar nr. 2001/29 sem varð hluti af EES samningnum í júlí 2004. Ljóst er að okkur er skylt að innleiða efni tilskipunarinnar og frumvarpið því tímabært.

Fjölís þakkar tækifærið til að koma með athugasemdir við frumvarpið en harmar þó jafnframt að ekki skuli hafa verið meira svigrúm, þ.e. tími, til að koma með athugasemdir við þetta frumvarp sem fjallar um flókin og mikilvæg atriði á sviði höfundaréttar. En vert er að hrósa formi og framsetningu frumvarpsins. Greinilegt er að við samningu þess hefur verið lögð áhersla á að skýra fyrir lesendum ákvæði tilskipunar nr. 2001/29, bæði þau sem frumvarpinu er ætlað að innleiða og einnig þau sem það tekur ekki á. Sérstaklega er handhægt að hafa samanburðaryfirlit yfir gildandi ákvæði laganna og hvernig frumvarpið muni breyta þeim, sbr. fylgiskjal I, sem og fylgiskjal II, þar sem gefið er yfirlit yfir helstu ákvæði tilskipunarinnar og samanburður þeirra við gildandi lög.

Fjölís fagnar því að lagt skuli til að orðalagi 1. mgr. 11. gr. verði breytt og það undirstrikað að undantekningin sé í raun til eintakagerðar til einkanota og ekki í fjárhagslegum tilgangi. Er það í samræmi við staflið b, 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar. Núverandi orðalag greinarinnar hefur leitt til mjög rúmrar túlkunar á þessu undantekningarákvæði réttihöfum til skaða. Jafnframt er undirstrikað að það er mikilvægt við setningu laganna að öllum séu ljós mörkin á milli heimildar notenda, t.d. skv. ákvæði 1. mgr. 11. gr. höfundalaga, til eintakagerðar, og verndar tækniráðstafana, sbr. b. lið 12. gr. frumvarpsins.

Tilgangur tilskipunarinnar er tvíþættur. Annars vegar að samræma skilgreiningar aðildarlandanna til hvaða atriða einkaréttur höfunda og rétthafa skyldra réttinda taki, sbr. V. kafla laganna, og hvaða takmarkanir megi setja honum. Sérstök áhersla er á að skýra að rétturinn nái til stafrænnar eintakagerðar og dreifingar á netinu. Hins vegar að kveða á um vernd tæknilegra ráðstafana. Í almennum athugasemdum sem fylgja frumvarpinu er sagt að við samningu þess hafi verið höfð hliðsjón af ýmsum ákvæðum í frumvarpi Dana til breytinga á höfundalögum þeirra, vegna innleiðingar tilskipunar nr. 2001/29 sem lagt var fram í danska þjóðþinginu 2. október 2002 og varð að lögum 11. desember sama ár. Hefð er fyrir því að við fylgjum danskri framkvæmd og hefur það ýmsa kosti í för með sér. En ljóst er þó að ekki hefur verið litið til nema takmarkaðs hluta af þeim

breytingum þar sem í frumvarpinu, andstætt því sem var í umræddri lagabreytingu í Danmörku 2002, er ekki leitast við að innleiða skilgreiningar tilskipunarinnar um einkarétt höfunda og réttthafa skyldra réttinda, heldur aðaláherslan lögð á innleiðingu verndar tæknilegra ráðstafana. Er sú ákvörðun rökstudd með því að túlka megi gildandi ákvæði höfundalaga á þann hátt sem tilskipunin býður og að frumvarpið sé eingöngu fyrsta skref í heildarendurskoðun höfundalaganna sem taka muni langan tíma. Fyrir höfunda og aðra réttthafa og ekki síður þá sem þurfa að starfa með höfundaréttindi, eins og t.d. Fjölís, er það mjög miður að ekki skuli verða komið á þeirri samræmingu sem tilskipunin býður og sem á að tryggja að staða réttthafa verði ljósari vegna birtingar og notkunar verka í stafrænu formi og sérstaklega á netinu. Einnig má benda á að í athugasemdum með flestum þeim breytingum sem gerðar hafa verið á höfundalögunum nr. 73/1972, hefur verið talað um þörfina á heildarendurskoðun. Er orðið verulega brýnt að mati Fjölís að sú heildarendurskoðun fari fram sem fyrst. Fyrir utan þörfina á að endurskilgreina einkarétt höfunda og réttthafa skyldra réttinda, og leyfilegar takmarkanir á þeim í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar, eru það tvö eftirfarandi atriði sem Fjölís telur nauðsynlegt að endurskoðuð verði sem fyrst.

Í fyrsta lagi telur Fjölís að það sé brýnt að settar verði almennar reglur um samningskvaðir (heildarleyfi) í höfundalögin og þau réttthafasamtök sem heimild hafa til samningsgerðar á grundvelli samningskvaðaákvæðanna. Í núgildandi höfundalögum er að finna ákvæði um samningskvaðir á fimm mismunandi stöðum og í mismunandi útfærslum, sbr. 15. gr. a. vegna ljósritunar og annarrar hliðstæðrar eftirgerðar, 23. gr. um heimild útvarpsstöðva til flutnings á verkum, 23. gr. a um endurvarp útvarps- eða gerfihnattasendinga, 2. ml. 2. mgr. 25. gr. um sýningu myndlistarverka í sjónvarpi og 45. gr. a um endurvarp listflutnings. Mun skýrar væri að hafa eitt ákvæði sem kvæði á um skilyrði fyrir samningskvaðir og nýtingu þeirra og síðan væri vísað til þess ákvæðis á viðeigandi stöðum í lögunum, eins og gert er t.d. í dönskum og norskum höfundalögum. Þannig væri auðveldast að samræma skilyrðin auk þess sem framsetning þeirra yrði skýrari fyrir vikið.

Í öðru lagi er brýnt að ákvæði höfundalaganna um rétt bókasafna til eintakagerðar verði endurskoðað meir en gert er ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins en þar segir: “Setja má í reglugerð reglur um heimild skjalasafna, bókasafna, safna og menntastofnana til að gera eintök af verkum til notkunar í starfsemi sinni samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerðinni, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi. Ekki má án samþykkis höfundar lána slík eintök eða birta þau með öðrum hætti nema innan stofnunarinnar.” Núgildandi ákvæði um heimild slíkra stofnana er enn takmarkaðra, þ.e. tekur eingöngu til ljósritunar. En nýja ákvæðið er að sama marki brennt og hið eldra, þessi réttur tekur fyrst gildi þegar reglugerð þar að lútandi verður sett. Engin slík reglugerð hefur verið sett á grundvelli núgildandi ákvæðis sem hefur þó verið í gildi í yfir 30 ár. Það þýðir að þessar stofnanir hafa ekki lögbundinn rétt til þeirrar eintakagerðar sem sannanlega fer þar fram. Ákvæði frumvarpsins breytir því ekki. Í ljósi þessarar forsögu hefði e.t.v. mátt orða þetta frumvarpsákvæði á annan hátt, t.d. segja hreint út að skjalasöfnum, bókasöfnum, söfnum og menntastofnunum sé heimilt að gera eintök af verkum til notkunar í starfsemi sinni, enda sé það ekki gert í fjárhagslegum tilgangi, og segja jafnframt að kveða eigi nánar á um þessa

undantekningu frá einkarétti rétthafa til eintakagerðar í reglugerð. Lokamálsliður 3. gr. frumvarpsins kveður á um að ekki megi án samþykkis höfundar lána slík eintök eða birta þau með öðrum hætti nema innan stofnunarinnar. Þetta þýðir að jafnvel þótt sett verði reglugerð um heimild safna til eintakagerðar til eigin nota, þá er ekki heimild fyrir söfnin til að ljósrita eða afrita á annan hátt verk í safninu, t.d. stafrænt, til að afhenda notendum safnsins. Í tilskipuninni er að finna ýmis ákvæði um undanþágur til handa sambærilegum stofnunum til slíkrar eintakagerðar með ákveðnum skilyrðum og mælt með því að gerðir verði sérstakir samningar eða veitt sérstök nytjaleyfi sem eru hagstæð þessum stofnunum og miðlunarhlutverki þeirra án þess þó að skapa misvægi, sbr. t.d. formálgrein 40. Hlutverk bókasafna er að "... efla frjálsan og óheftan aðgang almennings að upplýsingum og þekkingarmiðlum"<sup>1</sup>. Því er mikilvægt að þau tækifæri séu nýtt til að stuðla að jafnvægi milli miðlunarhlutverks þeirra og hagsmuna rétthafa. Það væri best gert með því að heimila ákveðna eintakagerð þeim til handa á grundvelli samningskvaðaákvæðis (heildarleyfis) eins og gert var í Danmörku, sbr. t.d. samningskvaðaákvæði sem starfsemi Fjölís byggist á, sem heimilar Fjölís að gera samninga við notendur um ljósritun og aðra hliðstæða eftirgerð sem bindur líka þá rétthafa sem ekki eru aðilar að Fjölís. Þetta er til hagsbóta fyrir bæði rétthafa og notendur. Það er sérstaklega mikilvægt að sett verði slíkt ákvæði í ljósi þess mikla áhuga og þrýstings sem er fyrir hendi hjá bókasöfnum menntastofnana til að koma stórum hluta lesefnis nemenda á stafrænt form á innra neti skólanna. Það er því skoðun Fjölís að setja þurfi sem fyrst ákvæði sem heimili bókasöfnum eintakagerð til afhendingar til notenda safna, með nánar tilgreindum skilmálum og á grundvelli samninga við rétthafasamtök.

Rán Tryggvadóttir M.Phil.  
Reykjavík, 7. maí 2005

---

<sup>1</sup> 1. gr. l. nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn, sjá líka 6. og 7. gr. l. nr. 71/1994